

2007 nr. 135 12. nóvember**Lög um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli**

Tóku gildi 17. nóvember 2007. Breytt með: L. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014). L. 137/2019 (tóku gildi 31. des. 2019).

■ 1. gr.

Heimilt er að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal fyrir 1. október 2007 leggja fram verkáætlun

til [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]¹⁾ um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010.

¹⁾ L. 137/2019, 19. gr.

■ 2. gr.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun].¹⁾ Hann skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum.

¹⁾ L. 137/2019, 19. gr.

■ 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.